



Vinnureglur um tilnefningu íþróttafélaga á íþróttafólki Kópavogs

1. Íþróttafólkið verður að vera í íþróttafélagi innan ÍSÍ í Kópavogi og hafa unnið afrek sín undir merkjum þess.
2. Íþróttafólkið verðu að vera í sérhæfðu íþróttafélagi sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélagi þ.m.t Kópavogi og er innan ÍSÍ (Íþróttafélag fatlaðra o.s.frv.). Þau verða að hafa unnið afrek sín undir merkjum þess. Það sama gildir um íþróttafólk sem stundar íþrótt sem ekki er í boðið uppá innan íþróttafélaganna í Kópavogi. Íþróttafólk sem er í félagi skv. 2. lið, þarf að eiga lögheimili í Kópavogi starfsárið sem tilnefningin nær yfir.
3. Íþróttafólkið verður að hafa sýnt a.m.k. árangur á landsmælikvarða á árinu.
4. Stjórn hvernar deildar íþróttafélags sendir rökstudda tilnefningu um besta íþróttafólk ársins í hvorum aldursflokki innan sinna vébanda til lýðheilsu- og íþróttanefndar Kópavogs.

Aldursflokkarnir eru:

- 13 – 16 ára
 - 17 ára og eldri
5. Aldur miðað við afmælisdag ræður hvar í aldurshópi íþróttafólkið lendir. Með tilnefningu skal fylgja skrá yfir afrek viðkomandi íþróttafólks og umsögn frá þjálfara þeirra. Blaðaúrklippur og aðrar opinberar umsagnir eru æskilegar. Mynd af viðkomandi íþróttafólki þarf að fylgja tilnefningunni.

Vinnureglur samþykktar í lýðheilsu- og íþróttanefnd 16. október 2025